

Dagskrá vetrarins 2017-2018

Opið hús verður haldið 3. laugardag í mánuði .

16.9. 2017. Opið hús hjá Reyni Sveinssyni, Faxatúni 36, 210 Garðabæ, frá kl. 10-12.

21.10.2017. Opið hús hjá Sigurði Petersen, Drápuhlíð 1, 105 Reykjavík, frá kl. 10-12.

18.11. 2017. Nánar auglýst síðar.

20.1. 2018. Opið hús hjá Erni Sigurðssyni, Hamraborg 1 (við hliðina á Tempo-Innrömmun), 200 Kópavogur, frá kl. 10-12.

17.2.2018. Aðalfundur FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, frá kl. 10-12.

17.3. 2018. Opið hús. Nánar auglýst síðar.

14.-15. 4. 2018. Vorsýning FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E, 110 Reykjavík, frá kl. 13-17.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: treskurd@gmail.com

Heimasíða: treskurdur.muna.is

Ritstjórn er stjórn félagsins

Brýnið

*Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
4. tbl. 22. árgangur 2017*

Frá formanni

Kæru félagar í tréskurði. Nú er að hausta og við sammála um að taka þurfi fram járnin og hefjast handa. Vonandi hafið þið öll átt gott sumar. Við enduðum síðastliðinn vetur á velheppnaðri vorsýningu sem var haldin í sýningarsal hjá Ófeigi gullsmið við Skólavörðustíg. Þrettán félagar í FÁT sýndu virkilega falleg verk og kom fjöldi gesta á sýninguna. Ég vil þakka öllum sem tóku þátt í vel heppnaðri vorsýningu, og gestum fyrir komuna. Stjórnin er byrjuð að undirbúa starf vetrarins og er dagskráin auglýst hér í Brýninu. Vona ég að sem allra flestir sjái sér fært að taka þátt í viðburðum vetrarins með okkur. Opnu húsin verða á sínum stað, aðalfundur í febrúar og vorsýning í vor. Félagið er með í smíðum nýja heimasíðu sem kemur í loftið innan skamms. Ákveðið hefur verið að gefa út félagsskírteini fyrir félagsmenn sem verða send út með Brýninu. Vil ég vekja athygli á því að á félagsskírteininum verður vefslóð inn á nýju heimasíðuna sem er www.treskurdur.is og virkjast hún vonandi sem allra fyrst.

Opið hús var haldið síðastliðinn laugardag, en þá fengum við að heimsækja Reyni Sveinsson í Garðabæinn og skoða vinnustofnuna hans ásamt verkum. Vil ég þakka félagsmönnum fyrir mjög góða mætingu á opna húsið. Reynir hefur í mörg ár skorið út og tálgað í tré auk þess sem hann hefur leiðbeint mörgum bæði í útskurði og tálgun.

Kær kveðja.

Víðir Árnason, formaður FÁT.

Vorsýning FÁT var haldin á gullsmíðaverkstæði Ófeigs, Skólavörðustíg 5,
8.-9. apríl 2017.

13 félagsmenn sýndu verk sín.

Auður Þorgeirsdóttir

Júlíus Ágúst Guðmundsson

Bjarni Þór Kristjánsson

Karen Huld Gunnarsdóttir

Donald Ingólfsson

Páll Steinþórsson

Guðmundur Hjálmarsson

Reynir Sveinsson

Gylfi Theódórsson

Sigurður Petersen

Hjörtur Árnason

Þorsteinn Kristinsson

Jón Adólf Steinólfsson

Vorsýning 2018.



Vorsýning FÁT verður haldin 14. og 15. apríl 2018

Sýningin verður hjá Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2E. Félagsmenn eru beðnir um koma með verkin sín föstudaginn 13. apríl milli kl. 16-18 að Nethyl 2E þar sem tekið verður á móti verkunum. Sýningin verður opin frá kl. 13-17 báða dagana.

Félagsmenn eru beðnir um að sækja verk sín við lok sýningar sunnudaginn 15. apríl kl 17.

Stjórn FÁT

Jón Adólf Steinólfsson



Jón Adólf Steinólfsson þarf vart að kynna fyrir áhugafólki um tréskurð. Jón er starfandi listamaður í greininni og vinnur jafnt með tré sem stein. Hann hefur sýnt og selt verk um allan heim og haldið fjölmargar sýningar hér heima og erlendis. Þá hefur hann einnig haldið mörg námskeið í útskurði. Jón tók einnig þátt í vorsýningunni og sýndi verkið Ástriður.

Bjarni Þór Kristjánsson



Bjarni Þór byrjaði að skera út þegar hann var 16 ára og er jafnframt einn af stofnendum FÁT. Hann hefur tekið þátt í öllum sýningum á vegum félagsins og þeirri fyrstu sem haldin var vorið 1997. Hann er smíðakennari að mennt og atvinnu. Hann fæst jöfnum höndum við tálgun og útskurð í frístundum en hann er með vinnustofu í bílskúrnum. Einnig hefur Bjarni kennt tálgun á fjölmörgum námskeiðum.



Sigurður Petersen




Sigurður byrjaði í tréútskurði árið 2004 þegar hann fór á námskeið hjá Erni Sigurðssyni en þau urðu nokkur. Einnig hefur hann sótt námskeið hjá Friðgeiri Guðmundssyni í útskurði og meðferð tækja og véla hjá Jóni Adólf. Þá fór hann á námskeið hjá Bjarna Þór Kristjánssyni þar sem hann lærði að tálga fugla.

Síðustu ár hefur Sigurður tálgað ýmsa muni og þó aðallega karla af ýmsum gerðum. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum og einnig sölusýningum eins og Handverk og hönnun og á Kex Hostel. Sigurður hefur komið sér upp vinnuaðstöðu í bílskúrnum.

Sigurður Petersen með einn af fjölmörgum gripum sem hann hefur tálgað.

Þessi er stundum kallaður KK enda mjög líkur honum.

Reynir Sveinsson



Reynir Sveinsson sýndi tvö verk á vorsýningunni; Kópavogskirkju (lampafótur) og veggklukku.

Reynir hefur verið í útskurði árum saman og lærði m.a. hjá Hannesi Flosasyni og Matthíasi Andrésyni. Hann er með vinnustofu heima.

Júlíus Ágúst Guðmundsson



Júlíus Ágúst Guðmundsson (Jágúst) heldur hér á verki sínu Seiðkarli. Hann hefur m.a. sótt námskeið hjá Jóni Adólf auk þess að horfa á myndbönd á Youtube þar sem hann hefur kynnt sér tálgun, útskurð og brýnslu verkfæra. Hann hefur tekið þátt í sýningum hjá Jóni Adólf og sýningu FÁT í Ráðhúsinu. Júlíus er með vinnuaðstöðu heima hjá sér og hefur einkum skorið út jólasveina af ýmsum stærðum og gerðum.

Páll Steinþórsson



Páll Steinþórsson sýndi tvö verk á vorsýningunni; lax og himbrima. Hann lærði útskurð hjá Hannesi Flosasyni og Jóni Adólf. Hann hefur áður tekið þátt í sýningum á vegum Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar. Páll er með vinnuaðstöðu heima hjá sér.

Auður Þorgeirsdóttir



Auður hefur fengist við útskurð frá árinu 1997. Áhuga hennar á útskurði kveikti Daníel R. Dagsson en hann kenndi á fjölmörgum námskeiðum í Snælandsskóla í Kópavogi. Sótti hún fjölmörg námsekið hjá honum. Einnig hefur hún sótt námskeið í útskurði hjá Önnu Lilju Jónsdóttur. Þá fór hún á námskeið í tálgun hjá Bjarna Þór Kristjánssyni. Auður hefur tekið þátt í nokkrum sýningum m.a. í Snælandsskóla, vinnustofu Jóns Adólfs og síðustu vorsýningu FÁT. Vinnuaðstöðu hefur hún komið upp heima hjá sér.

Karen Huld Gunnarsdóttir



Karen Huld byrjaði í útskurði árið 2004. Hún sótti námskeið í Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar og hjá Erni Sigurðssyni. Karen hefur tekið þátt í sýningum á vegum FÁT, og hér má sjá myndir af verkum hennar á síðustu vorsýningu.

Vinnuaðstöðu hefur hún útbúið heima.

Hjörtur Árnason



Hjörtur Árnason byrjaði að skera út árið 2016. Hann hefur m.a. sótt námskeið hjá Ólafi Oddssyni, *Lesið í skóginn og tálgað í tré*. Hér má sjá nokkur verka hans en þau eru skorin út í linditré og fjallareyni. Vorsýning FÁT, 8.-9. apríl er fyrsta sýning sem Hjörtur tekur þátt í.

Hann er með vinnuaðstöðu í bílskúrnum.

Guðmundur Hjálmarsson



Guðmundur byrjaði að skera út árið 1974. Hann fór á námskeið í Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar. Guðmundur sýndi verk af ýmsum tegundum á vorsýningu FÁT, 8.-9. apríl s.s. lágmynd, göngustaf, útskorna hunda og fleira.

Hér má sjá hann með bátamynd. Guðmundur hefur komið sér upp vinnuaðstöðu heima.

Gylfi Theódórsson



Gylfi byrjaði að skera út árið 2011. Hann fór á námskeið í Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar þar sem hann lærði útskurð undir handleiðslu Ingibjargar Hannesdóttur. Gylfi sýndi 3 lágmyndir á vorsýningu FÁT 8.-9. apríl. Hann er með góða vinnuaðstöðu heima.

Þorsteinn Kristinsson



Þorsteinn byrjaði að skera út árið 2012. Hann fór á námskeið hjá Stefáni Hauki Erlingssyni. Vorsýning FÁT sem haldin var 8.-9. apríl er fyrsta sýningin sem Þorsteinn tekur þátt í. Þar sýndi hann þrjú verk; rúmfjöl, álfahús og Þórshamar. Hann hefur komið sér upp vinnuaðstöðu heima í bílskúrnum.

Donald Ingólfsson



Donald byrjaði að skera út þegar hann var þrettán ára eða í kring um 1950. Hann er að mestu sjálfmenntaður en „komst svo undir manna hendur“ eins og hann orðar það sjálfur og fór á námskeið hjá Friðgeiri Guðmundssyni. Donald hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum m.a. afmælisýningu FÁT 2016 sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur, fjórum sýningum í Gerðubergi og nú síðast á vorsýningu FÁT þar sem hann sýndi eitt verk, þó ekki það sem sést á myndinni. Donald er með vinnuaðstöðu heima (eldhúsbörðið) og úti í bæ.